



CCU

Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

FRÉTTABRÉF | 2. TBL - 22. ÁRG | FEB. 2026



FUNDARBOÐ

LÍFEYRISMÁL - 5. MARS 2026

Næsti fræðslufundur verður sameiginlegur með Stómasamtökunum og fyrirlesari verður Björn Berg Gunnarsson, en hann er ráðgjafi í lífeyrismálum.



Björn mun fjalla um uppbyggingu og eiginleika lífeyriskerfisins og fara yfir þá valkosti sem standa til boða við úttekt lífeyris og samspil lífeyris við almannatryggingakerfið.

Fundurinn verður haldinn í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8, 1.hæð til hægri og hefst kl. 20:00. Kaffi og veitingar verða á boðstólum og húsið opnar 19:30.

Við verðum "live" í umræðuhópnum en hvetjum þá sem geta til að mæta á staðinn.

FRÉTTIR

FRÁ AÐALFUNDI

Það voru 10 manns sem skrifuðu í gestabókina á aðalfundi CCU sem fór fram 10. febrúar síðastliðinn og nokkrir fylgdust með á netinu. Hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá, fundarstjóri var Veturliði Snær Gylfason og fundarritari Sóley Veturliðadóttir.

Þrjár úr stjórn: Hulda Björg, Sóley og Elísabet gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Þær komu í stjórnina árið 2018 og hafa því staðið vaktina í 8 ár. Við kveðjum þær með söknuði og þökkum innilega fyrir frábæra samvinnu og skemmtilega samveru öll þessi ár. 

Ný stjórn var kjörin og komu framboð í allar stöður. Stjórnin hefur haldið sinn fyrsta stjórnarfund og er eftirfarandi:

Edda Svavarsdóttir formaður, María Olsen varaformaður, Finnur Magnússon gjaldkeri, Sigurborg Sturludóttir ritari og Þuríður Rúrí Valgeirsdóttir meðstjórnandi.

Varamenn voru kjörnir Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Björn Steindórsson og skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir; Hrönn Petersen og Emil Hallgrímsson.

HUGMYNDIR



Okkur í stjórninni þætti mjög gaman að heyra frá ykkur, kærur félagsmenn, hvaða hugmyndir þið hafið um starf CCU.

* Er eitthvað sérstakt sem þið mynduð vilja sjá framkvæmt eða fjallað um á fræðslufundi?

* Vantar eitthvað efni eða upplýsingar á heimasíðuna?

* Einhverjar hugmyndir um hvað væri hægt að gera í vitundarvakningu?

* Myndi einhver vilja segja frá degi í sínu lífi í fréttabréfi?

Við tökum við öllum hugmyndum og vinnum úr þeim, ekkert er of lítið eða skrítið til að segja frá.

Það er hægt að senda okkur póst á ccu@ccu.is, senda skilaboð á Facebook eða setja tillögur inn í umræðuhópnum.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur!

**Okkar
sjúkdómur er
ósýnilegur
en við erum það
ekki**

SPAKMÆLI MÁNAÐARINS

Aðlaðandi manneskjur geta verið mjög mismunandi. En eitt eiga þær sameiginlegt; hæfileikann til að líta brosandir á margendurtekin viðfangsefni hversdagsins.

Ókunnugur höfundur

CCU SAMTÖKIN | PÓSTHÓLF 5388 | 125 REYKJAVÍK | TALHÓLF 871 3288 | CCU@CCU.IS | WWW.CCU.IS

Formaður Edda Svavarsdóttir | Varaformaður María Olsen | Gjaldkeri Finnur Magnússon | Ritari Sigurborg Sturludóttir | Meðstjórnandi Rúrí Valgeirsdóttir
Varamenn Hrefna Björk Jóhannsdóttir og Björn Steindórsson | Vefstjóri Svavar Kjarrval